



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Alþingi nefndarsvið
Atvinnuveganefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 28. mars 2019
1903373 RH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál.

Á 332. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar, 27. mars 2019 var eftirfarandi bókun staðfest samhljóða:

Bæjarstjórn Vesturbyggðar fagnar þeim markmiðum sem frumvarpinu er ætlað að ná fram, að tryggja betri stöðuleika í rekstrarskilyrðum fyrirtækja í fiskeldi og auka gegnsæi í fiskeldi. Bæjarstjórn Vesturbyggðar fagnar sérstaklega markmiðum frumvarpsins um að efla stjórnsýslu og auka eftirlit með fiskeldi þannig að vernd og sjálfbærni í nýtingu auðlinda og náttúrugæða verði betur tryggð. Þrátt fyrir áherslur í frumvarpinu um innra eftirlit þá er ljóst af efni þess að aukin eftirlitsskylda er lögð á opinberar stofnanir sem hafa eftirlit með fiskeldi, þ.e. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Hafrannsóknarstofnun.

Í frumvarpinu er m.a. lögð áhersla á vöktun ástands þeirra fjarða sem fiskeldi hefur verið stundað í, í einhvern tíma sem og lífrænt álag þeirra svæða sem búið er að burðarþolsmeta af hálfu Hafrannsóknarstofnunar. Aukin áhersla er einnig lögð á aukið eftirlit og aðgerðir af hálfu Matvælastofnunar vegna fiskisjúkdóma og sníkjudýra í fiskeldi, svo sem laxalús. Einnig er aukin áhersla á umhverfisftirlit Umhverfisstofnunar á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á sunnanverðum Vestfjörðum hafa Arnarfjörður, Patreksfjörður, Tálknafjörður og Patreksfjarðarflói verið burðarþolsmetnir fyrir 40.000 tonna framleiðslu. Nú þegar er 10.000 tonna framleiðsla til staðar á svæðinu.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar ítrekar kröfu sína um að störf þeirra sem sinna eftirliti með fiskeldi verði staðsett þar sem fiskeldið fer fram og með aukinni áherslu á að efla eftirlit með fiskeldi verði eftirlitsstörf framangreindra stofnana staðsett á sunnanverðum Vestfjörðum. Bæjarstjórn Vesturbyggðar bendir einnig á að samkvæmt könnun Byggðastofnunar frá 11. febrúar 2019 hefur orðið nokkur fækkun á opinberum störfum á sunnanverðum Vestfjörðum þrátt fyrir áherslur í sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 um fjölgun og staðsetningu opinberra starfa og aukinna umsvifa í fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum. Bæjarstjórn Vesturbyggðar ítrekar því kröfu sína um að opinberar eftirlitsstofnanir sinni hlutverki sínu af alúð í þágu umhverfis og lífríkis sjávar með því að þeir starfsmenn sem sinni eftirliti með fiskeldi hafi fasta starfsstöð á sunnanverðum Vestfjörðum. Þannig verði stuðlað að aukinni vernd og eftirliti með sjálfbærri nýtingu auðlinda og náttúrugæða á svæðinu. Á sunnanverðum



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Vestfjörðum er enginn starfsmaður með fasta starfsstöð sem sinnir eftirliti með fiskeldi en þar fer fram eitt umfangsmesta sjókvíældi á landinu.

Tilkynnist þetta hér með.

Virðingarfyllst,

Rebekka Hilmarsdóttir

Rebekka Hilmarsdóttir

Bæjarstjóri

